

Fundargerð

304. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 29. apríl 2021 kl. 8³⁰–10⁰⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH) Katrín Pétursdóttir (KP) PNR
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) Sigurður Halldórsson (SH) PNR
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt án áritunar.

2. Heyrúlluplast

LHG bauð gesti frá Pure North Recycling (PNR), þau Katrínu Pétursdóttur (KP) stjórnarformann og Sigurð Halldórsson (SH) framkvæmdastjóra velkomin á fund. KP og SH kynntu á fundinum og sýndu glærur um starfsemi fyrirtækisins og framtíðarsýn. Kynntar voru tvær tillögur að lausn málsins eru lutu að breyttri flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast og óhreinindahlutfalli plasts. Stjórnarmenn ræddu stöðuna með KP og SH þar sem m.a. var farið yfir umfjöllunarefni lögfræðialits um ríkisstyrkjareglur EES og lög um úrvinnslugjald sem sníði sjóðnum þröngan stakk til að ákveða umframgreiðslur til íslenskra endurvinnsluaðila á kostnað erlendra aðila. KP og SH yfirgáfu fund kl. 09:30.

Stjórn ræddi málið. ÓK sagði frá því að óskað hefur verið eftir að Mannvit verkfræðistofa fari yfir útreikninga um flutningagreiðslur Úrvinnslusjóðs í öllum vöruflokkum. ÓK falið að gera minnisblað um flutningsjöfnun.

Stjórn hafnar ósk PNR frá í lok árs 2020 um að breyta endurgjaldi á flutningsjöfnun á heyrúlluplasti í ljósi niðurstöðu lögfræðialits um ríkisstyrki. Stjórn óskar eftir að farið verði yfir greiðslur fyrir flutningsjöfnun fyrir alla vöruflokka Úrvinnslusjóðs.

LHG upplýsti að hún hafi farið þess á leit við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að fá breytingar á markmiðsákvæði laga um úrvinnslugjald svo tekið yrði t.d. fram að eitt markmið laganna væri að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af ráðstöfunum í tengslum við úrvinnslu úrgangs.

Samþykkt að ræða málið áfram á næsta fundi.

3. Raftæki

Breyting á endurgjaldi á kælitækjum.

Frestað

4. Starfsskýrslur

Lögð voru fram á fundinum drög að skýrslu um starfsemi Úrvinnslusjóðs árin 2017-2019.

Frestað.

5. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 12. maí 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:00